



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	MMR 19070105 - Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Mál nr. 6 á þingmálaskrá.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Mennta- og menningarmálaráðuneyti/skrifstofa menntamála og vísinda.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	28. október 2019

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Heildarendurskoðun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga hófst árið 2012. Tilefni endurskoðunarinnar var aukin tæknivæðing á sviði tölvutækni, með auknum möguleikum á öflun og skráningu persónuupplýsinga. Talið var að bregðast þyrfti við hættum sem af þessu stöfuðu fyrir friðhelgi einkalífs. Ný reglugerð (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, sem leysti tilskipun 95/46/EB af hólmi, kom út 14. apríl 2016. Reglugerðin var leidd í landslög með samþykkt nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, sem tóku gildi 15. júlí 2018 og komu í stað laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Í hinum nýju lögum eru gerðar auknar kröfur til ábyrgðar- og vinnsluaðila um skýrar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga. Í ýmsum lögum sem heyra undir málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytis og hjá viðkomandi stofnunum ráðuneytisins er gert ráð fyrir vinnslu almennra, svo og viðkvæmra persónuupplýsinga án þess að gert hafi verið ráð fyrir skýrum lagaheimildum til slíkrar vinnslu.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með frumvarpi þessu eru lagðar til viðeigandi breytingar á ýmsum lögum er heyra undir málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytis svo að þau samræmist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Tryggja þarf að ákvæði sem kveða á um vinnslu persónuupplýsinga í sérlögum séu í samræmi við nýju persónuverndarlöggjöfina. Mat þarf að fara fram á því hvort gildandi lagastoð sé fullnægjandi og hvort þörf sé á nýjum heimildum til vinnslu persónuupplýsinga í löggjöfina, þar sem þær skortir. Gera má ráð fyrir að einhver ákvæði þurfi að vera skýrari svo vinnslan samræmist lögunum, sérstaklega lagaákvæði um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Dómsmálaráðherra skipaði starfshóp sem falið var semja frumvarp til innleiðingar á reglugerð (ESB) 2016/679. Samhliða því var settur á fót samráðshópur allra ráðuneyta til að fjalla um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í sérlögum og hvort tilefni væri til breytinga á þeim. Niðurstaðan var að gera þyrfti efnislegar breytingar á fjölda lagabálka sem heyra undir ráðuneytin öll. Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga fólu í sér lögfestingu á texta ESB reglugerðarinnar og lágmarksendurskoðun á ákvæðum laga á málefnasviði annarra ráðuneyta, en ekki heildarendurskoðun á efni þeirra með tilliti heimilda til vinnslu persónuupplýsinga. Í 54. gr. laga nr. 90/2018 var kveðið á um breytingar á ýmsum

lögum, þ.á m. lögum um leikskóla, lögum um grunnskóla, lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, höfundalög, nr. 73/1972, lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010. Þær breytingar snéru þó eingöngu að breyttri tilvísun í heiti laga nr. 90/2018. Í framhaldinu var hverju fagráðuneyti eftirlátið að meta þörf fyrir efnislegar breytingar á þeim lögum sem heyra undir málefnasvið ráðuneytanna. Í ljósi þessa og með vísan til þess að engin endurskoðun hefur farið fram á ákvæðum laga á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis er talin þörf á meta lagagrundvöll heimilda til söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga til samræmis við lög nr. 90/2018. Á þessari stundu liggur ekki fyrir í hvað mörgum tilvikum þarf að breyta lagaákvæðum um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga.
B. Markmið 1. Með frumvarpinu er stefnt að því að heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga í lögum á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneyti samræmist kröfum reglugerðar (ESB) 2016/679 eins og hún hefur verið í leidd í íslensk lög með ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. 2. Frumvarpinu er ætlað að tryggja réttindi einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, þannig að hún samræmist persónuverndarlöggjöfinni og að hlutaðeigandi stjórnvöld sem vinna persónuupplýsingar hafi fullnægjandi heimildir til vinnslunnar.
C. Leiðir 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Ef ekkert er aðhafst kann að verða brotið á rétti einstaklinga vegna ófullnægjandi vinnsluheimilda eða skorts á heimildum til vinnslu persónuupplýsinga. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Einungis verður bætt úr ófullnægjandi vinnsluheimildum eða skorti á þeim með lagasetningu. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Í frumvarpi dómismálaráðherra um innleiðingu reglugerðar (ESB) 2016/679 sem varð að lögum nr. 90/2018 var ekki mælt fyrir um efnislegar breytingar á sérlægum sem heyra undir málefnasvið annarra ráðuneyta. Af þeim sökum er nauðsynlegt að leggja fram sérstakt lagafrumvarp um viðeigandi breytinga á lögum sem heyra undir málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytis.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Fyrirhugað er að meta þörf á breytingum á lögum sem heyra undir málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytis. Samráð verður haft við hagsmunaaðila eins og Samband íslenskra sveitarfélaga, undirstofnanir ráðuneytisins og Persónuvernd. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Á þessu stigi liggur ekki fyrir í hve miklum mæli er þörf fyrir breytingar á lögum. Greiningarvinna er þegar hafin í samráði við hagsmunaaðila.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Fyrirhugaðar lagabreytingar munu stuðla að því að uppfylla skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir með aðild að EES samningum með innleiðingu reglugerðar (ESB) 2016/679. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Frumvarpið styður við grundvallarréttindi um friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Samband íslenskra sveitarfélaga og undirstofnanir mennta- og menningarmálaráðuneytis. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Þegar hefur verið leitað umsagnar hagsmunaaðila um þörf fyrir styrkingu vinnsluheimilda og öflun nýrra heimilda. 4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað er að viðhafa innra samráð innan Stjórnarráðs Íslands og síðar ytra samráð í gegnum samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum
1. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis leiðir frumvarpið ekki til aukinnar stjórnsýslubyrði hjá aðilum sem starfa eftir löggjöf á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Talið er að frumvarpið muni hafa jákvæð áhrif á réttindi skráðra einstaklinga. Draga mun úr réttaróvissu um heimildir stofnana og lögaðila til vinnslu persónuupplýsinga. Frumvarpið ætti ekki að hafa áhrif á tekjur eða útgjöld ríkissjóðs.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennings, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Samband íslenskra sveitarfélaga og stofnanir sem heyra undir ráðuneytið ættu nú þegar að vera vel á veg komnar hvað varðar skipulags- og tæknilegar ráðstafanir sem er hluti af innleiðingu laga nr. 90/2018, en þau tóku gildi 15. júlí 2018. Einstaklingar sem skráðir eru munu njóta réttinda í samræmi við lög nr. 90/2018. Breytingarlögin munu tryggja að hlutaðeigandi stofnanir vinni ekki með persónuupplýsingar um einstaklinga án fullnægjandi lagaheimildar. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Gert er ráð fyrir að ábyrgðar- og vinnsluaðilar persónuupplýsinga sem falla undir löggjöf á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis hafi þegar lagað starfsemi sína að ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Á ekki við. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1.